

Vantar 223 konur í stjórnir

Vantar 223 konur í stjórnir



Þann 1. september 2013 taka gildi lög sem kveða á um að hlutfall hvors kyns sé að lágmarki 40% í stjórn-um lífeyrissjóða og stærri fyrirtækja. mbl.is/Rax

Heildarhlutfall kvenna í stjórnum lífeyrissjóða er núna 33,3%. Þann 1. september 2013 taka gildi lög sem kveða á um að hlutfall hvors kyns sé að lágmarki 40% í stjórnum lífeyrissjóða og stærri fyrirtækja. Eins staðan er núna vantar 223 konur í stjórnir til þess að 40% kynjakvóta verði náð, samkvæmt upplýsingum frá KPMG.

Lögin eiga við um alla lífeyrissjóði, hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög og opinber hlutafélög þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn á ársgrundvelli.

Í ársbyrjun 2012 tók KPMG saman upplýsingar um þau fyrirtæki og lífeyrissjóði sem falla undir löggjöfina og aftur 1. september þegar ár er til stefnu.

Fáir sjóðir nýttu aðalfundi til að fjölga konum

Samantalsleiðir í ljós að fá fyrirtæki og lífeyrissjóðir nýttu aðalfundina í ár til að fjölga konum, segir í frétt frá KPMG.

Í könnun KPMG meðal íslenskra stjórnarmanna sem framkvæmd var sumarið 2011 voru vísbendingar um að fjöldi kvenkyns stjórnarmanna væri að aukast töluvert samhliða nýliðun í stjórnum en sú aukning virðist ekki duga til að auka heildarhlutfall kvenna í stjórnum.

Það er því ljóst að töluverðar breytingar munu þurfa að eiga sér stað í stjórnum þessara fyrirtækja og lífeyrissjóða þegar aðeins einn aðalfundur er til stefnu þar til lögin taka gildi, segir í frétt KPMG.

Í sumum þarf hlutfallið að verða 50%

„Heildarhlutfall kvenna í stjórnum lífeyrissjóða er núna 33,3%. Við fyrstu sýn virðist það hlutfall vera hátt en vert er að benda á að í hverjum lífeyrissjóði þarf hlutfall hvors kyns að vera að lágmarki 40% þegar stjórnarmenn eru fjórir eða fleiri og ef stjórnarmenn eru þrír eða færri þarf hvort kyn að eiga fulltrúa í stjórn.

Fjöldi stjórnarmanna er slétt tala hjá 14 af 31 lífeyrissjóðum (t.d. 6 eða 8 stjórnarmenn) sem leiðir til þess

að hlutfall hvors kyns þarf að vera 50% í þeim sjóðum (má ekki fara undir 40%). Það leiðir til þess að þegar allir lífeyrissjóðir eru með stjórnir í samræmi við löggjöfina verður heildarhlutfall hvors kyns í stjórnnum lífeyrissjóða a.m.k. 45,3%," segir í frétt frá KPMG.

Samkvæmt KPMG ná lögin til 321 fyrirtækis og af þeim eru 152 sem uppfylla skilyrði laganna eða 47%. 169 fyrirtæki eða 53% þurfa að jafna kynjahlutföllin í stjórnnum sínum og hafa til þess einn aðalfund.

- 22